

7. gr.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkvæmt ákvæðum 8. tl. 2. gr. tollskrárlaga, skal njóta aldursafsláttar samkvæmt ákvæðum 3. gr., en skoðast flutt til landsins á sóludegi.

8. gr.

Í þeim tilvikum, að ekki er hægt að styðjast við ákvæði 2. mgr. 2. gr., er viðkomandi tollstjóra heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1970.

9. gr.

Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða skal hvorki taka tillit til útlits né ástands, sbr. þó 8. gr.

Matsregla sú, sem fram kemur í auglýsingu þessari er bindandi, og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

10. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., tekur gildi hinn 1. mars 1974, og er þá jafnframt úr gildi numin auglýsing ráðuneytisins nr. 205/1972 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Dorsteinn Ólafsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamat og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.22% af gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal hlita eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús, minnst	5.80 kr./m ³
Iðnaðarhús, minnst	1.40 —
Vöruheymslur, minnst	1.40 —
Allt annað húsnæði, minnst	5.80 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.**3. gr.**

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkv. ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.**4. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifieðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 7.50 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 5.00 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 800.00 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr. 600.00 pr. ár
50 mm mælir	— 1 000.00 — —
80 mm mælir	— 1 200.00 — —
100 mm mælir	— 2 400.00 — —

7. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll eða hvert um sig, um allt að 50%, án þess að leita staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 55 2. mars 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs og leyfis til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 21. desember 1973 veitt Flugfélaginu Vængjum h.f., Reykja-